

1 Tilgangur

Þessa upplýsingaöryggisstefna hefur Mímir – símenntun ehf. innleitt sem lið í að tryggja sem best öryggi allra upplýsinga sem félagið býr yfir. Tilgangurinn er að tryggja að leynd, réttlæika og tiltækileika sé viðhaldið á viðeigandi, skilvirkan og hagkvæman hátt hverju sinni.

2 Umfang

Upplýsingaöryggisstefna þessi gildir fyrir alla starfsemi sem félagið hefur með höndum. Stefnan nær til allra starfsmanna og allra verktaka sem vinna fyrir félagið auk allra upplýsingakerfa og tilheyrandi gagna. Stefnan gildir einnig um gögn sem kunna að vera í vörslu þjónustuaðila sem fyrir félagið starfa.

3 Viðhald stefnu

Upplýsingaöryggisstefna þessi skal endurskoðuð árlega og samþykkt af framkvæmdastjóra.

4 Fylgni, frávík og undanþágur

Brot gegn upplýsingaöryggisstefnu kunna að leiða af sér agaviðurlög. Alvarleg og/eða endurtekin brot kunna að leiða til uppsagnar ráðningareða viðskiptasambands. Öll frávík skal skrásetja. Stjórnendur skulu upplýstir á formlegan háttum um frávík og skulu þeir taka ákvörðun um aðgerðir til að fyrirbyggja endurtekin frávík. Undanþágur frá upplýsingaöryggisstefnunni þarf að sækja um formlega til viðkomandi yfirmanns og skjala á viðeigandi hátt.

5 Stefna

Mímir – símenntun ehf. gætir þess að öryggis upplýsinga sé á hverjum tíma gætt á sem bestan hátt og í samræmi við þau lög og reglur sem um slíkt gilda. Stefnan er bindandi fyrir starfsmenn, þ.m.t. stjórnendur og eigendur, auk þjónustuaðila sem starfa fyrir félagið. Allir þessir aðilar eru skuldbundnir til að vernda allar upplýsingar og upplýsingakerfi á sem tryggastan hátt og í samræmi við þær reglur sem félagið setur hverju sinni.

Með fræðslu og leiðbeiningum stuðlar félagið á markvissan hátt að öflugri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila og viðskiptavina. Einnig gætir félagið þess í hvívetna að vel sé haldið utan um gögn og upplýsingakerfi félagsins og þau vistuð á öruggan hátt. Mímir – símenntun ehf. vinnur að stöðugum umbótum í upplýsingaöryggi.

Auk þessa skjals teljast eftirfarandi skjöl hluti af upplýsingaöryggisstefnunni:

5.1 Notendaskilmálar

Í notendaskilmálum skilgreinir félagið viðeigandi reglur vegna notkunar á upplýsingatæknieignum þess. Óviðeigandi notkun þessara eigna getur veikt öryggisvarnir einstakra notendatölva, miðlægra kerfa og netkerfa auk þess að skapa lagalega ábyrgð fyrir félagið á margvíslegan hátt.

5.2 Aðgangsstýringarstefna

Í aðgangsstýringarstefnu eru skilgreindar þær reglur sem fylgja skal við veitingu aðgangs að upplýsingum, við afturköllun slíks aðgangs, m.a. við starfslok og við rýni á veittum aðgangsheimildum